

## Tillaga til þingsályktunar

### um fullgildingu samnings hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar sem undirritaður var í Róm 22. nóvember 2009.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (hér á eftir nefndur „samningurinn um hafnríkisaðgerðir“ eða „samningurinn“) sem undirritaður var í Róm 22. nóvember 2009. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn um hafnríkisaðgerðir var undirritaður af fulltrúa Íslands, ásamt fulltrúum átta annarra þjóðríkja og Evrópusambandsins, 22. nóvember 2009. Tillaga um gerð samningsins kom fram á ríkjaráðstefnu um endurskoðun úthafsveiðisamningsins sem haldin var í New York 22.–26. maí 2006. Þá um haustið beindi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York því til FAO að hefja viðræðurnar, sem hófust síðan árið 2007. Sem stendur hafa 11 ríki fullgilt samninginn, en 25 ríki þurfa að fullgilda hann svo að hann öðlist gildi. Meðal ríkja, eða ríkjasambanda, sem hafa fullgilt hann eru Evrópusambandið, Nýja-Sjáland og Noregur.

Samningurinn um hafnríkisaðgerðir er fyrsti bindandi alþjóðasamningur á sviði fiskveiða síðan úthafsveiðisamningurinn var gerður árið 1995 (samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, sjá Stjórnartíðindi C-deild, nr. 8/1997). Samningurinn er nátengdur efni úthafsveiðisamningsins, en í 23. gr. þess samnings er ríkjum játuð heimild og lögð á þau skylda til að beita hafnríkisreglum í lögsögu sinni til að stuðla að virkni alþjóðlegrar verndunar og stjórnunarráðstafana.

Við gerð samningsins var tekið mið af og litið til óbindandi leiðbeininga FAO um hafnríkisaðgerðir, sem voru helsta fyrirmynd hafnríkisreglna NEAFC (Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar) og NAFO (Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunarinnar) sem Ísland, ásamt öðrum strandríkjum við Norður-Atlantshaf, hefur innleitt, sbr. lög nr. 22/2007, um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ísland hefur verið í fararbroddi ábyrgra strandríkja, ásamt öðrum þjóðum við Norð-

ur-Atlantshaf. Hér á landi er löng reynsla af beitingu hafnríkisaðgerða í því skyni að torvelða ólöglegar veiðar.

Í samningnum er mælt fyrir um skyldu ríkja til að beita ólíkum stjórnækjum í því skyni að ýta undir ábyrgar fiskveiðar, svo sem með lokun hafna gagnvart skipum sem eru „svartlistuð“ af svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum, málsmeðferð til að knýja fánaríki til ábyrgðar í erlendum höfnum, setningu tiltekinna lágmarkskrafna um upplýsingamiðlun, eftirlitsaðgerðir, fyrirbyggjandi ráðstafanir, stuðning við þróunarríki og samvinnu. Samningurinn gildir um fiskveiðar, meðferð eða vinnslu afla og tengda starfsemi. Það er meginregla samningsins að upplýsingar um fiskiskip og afla skuli berast hafnríki áður en skip fánaríkis fær aðgang að höfn. Upplýsingarnar nýtast síðan hafnríki til að ganga úr skugga hvort hlutaðeigandi fiskiskip hafi tekið þátt í ólögætum veiðum. Með fiski í þessu sambandi er átt við fisk, eða fiskafurðir, sem ekki hefur áður verið landað. Hér á eftir er yfirlit um einstaka hluta samningsins:

Í aðfaraorðum samningsins er m.a. gerð grein fyrir aðdraganda að gerð samningsins og þeim aðstæðum sem við er að glíma við að tryggja ábyrga fiskveiðistjórn.

Í 1. gr. eru skilgreind helstu hugtök sem notuð eru í samningnum.

Í 2.–5. gr. samningsins er mælt fyrir um að markmið hans sé að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (ólögætær veiðar). Aðilar að samningnum eru hlutaðeigandi hafnríki en samningurinn gildir gagnvart skipum sem ekki sigla undir fána hafnríkisins, að því undanskildu að hann gildir ekki m.a. gagnvart „gámaskipum“ sem flytja fisk sem hefur verið landað annars staðar.

Samkvæmt 6. gr. samningsins skal vera fyrir hendi virk miðlun upplýsinga milli ríkja og FAO í því skyni að framkvæma samninginn. Með því að samningurinn hefur ekki verið fullgiltur af nægilegum fjölda ríkja til að hann öðlist gildi hefur þetta ákvæði ekki haft mikla þýðingu, en athuga skal að FAO hefur verið bæði fánaríkjum og hafnríkjum til ráðuneytis um framkvæmd ákvæða samningsins í þeim tilvikum að ríki hafa fullgilt hann og tekist á hendur þær skuldbindingar sem í honum felast. Hér má t.d. benda á þær breytingar sem Evrópusambandið gerði á hafnríkisreglum í aðildarríkjum sínum, sbr. II. kafla reglugerðar ráðsins nr. 1005/2008 „establishing a Community system to prevent, deter and eliminate illegal, unreported and unregulated fishing [...]“.

Samkvæmt 7.–9. gr. er ríkjum skylt að tilnefna tiltekna hafnir sem heimilt er að taka við erlendum skipum til löndunar á afla. Erlendum skipum er skylt að óska með tilteknum fyrirvara um aðgang að hlutaðeigandi höfn ásamt því að láta í té upplýsingar um skipið og veiðar þess sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar hafnríkiseftirlits. Hafnríki er heimilt að synja um aðgang að höfn telji það sýnt að afli hafi verið veiddur með ólögætum hætti. Með því er skipi neitað um þjónustu.

Í 10. gr. er mælt fyrir um takmarkaða heimild skipa til að koma til hafnar vegna neyðar- aðstæðna til samræmis við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í 11. gr. er kveðið á um að komi skip til hafnar skuli hafnríki synja um heimild til löndunar á afla og aðgangs að þjónustu uns sýnt er fram á með fullnægjandi hætti, eins og ítarlega er lýst í greininni, að skipið hafi ekki stundað ólögætær veiðar. Ef fánaríki getur ekki staðfest að veiðar hafi verið ábyrgar og í samræmi við heimildir, eða ef hafnríki telur ella fullnægjandi líkindi til að aðgerðir séu nauðsynlegar til verndar lifandi auðlindum hafsins, skal synja um þjónustu.

Í 12.–19. gr. er mælt fyrir um hvernig standa skuli að eftirlitsaðgerðum og miðlun upplýsinga um þær þegar skip koma til hafnar.

Í 20. gr. er mælt fyrir um skyldur fánaríkja til að vinna með hafnríkjum við framkvæmd eftirlitsaðgerða og eftir atvikum eiga frumkvæði að þeim ef grunsemdir vakna um ólögsmætar veiðar skipa sem sigla undir fána þeirra.

Í 21. gr. eru settar sérreglur um stuðning við þróunarríki.

Í 22. gr. er fjallað um lausn ágreiningsmála.

Samhliða framlagningu þingsályktunartillögu þessarar leggur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir), en með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar svo að Ísland geti fullgilt samninginn.

## Fylgiskjal.

### **SAMNINGUR HAFNRÍKJA UM AÐGERÐIR TIL AÐ FYRIRBYGGJA, HINDRA OG UPPRÆTA ÓLÖGLEGAR, ÓTILKYNTAR OG EFTIRLITSLAUSAR VEIÐAR**

#### **FORMÁLSORÐ**

*Aðilar sammings þessa,*

*hafa miklar áhyggjur af áframhaldi á ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum og skaðlegum áhrifum þeirra á fiskistofna, vistkerfi sjávar og lífsviðurværi fiskimanna, sem stunda lögmætar veiðar, og vaxandi þörf fyrir fæðuöryggi í heiminum,*

*gera sér ljóst að það er hlutverk hafnríkja að samþykka virkar aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri nýtingu og varðveislu lifandi sjávarauðlinda til langs tíma,*

*viðurkenna að aðgerðir til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum ættu að byggja á meginábyrgð fánarríkja og gilda í öllum lögsagnarumdæmum skv. alþjóðalögum, þ.á m. hafnríkisaðgerðir, strandríkisaðgerðir, markaðstengdar aðgerðir og aðgerðir sem tryggja að innlendir aðilar styðji hvorki né stundi ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar,*

*viðurkenna að hafnríkisaðgerðir eru öflug og hagkvæm tæki til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar,*

*hafa skilning á þörfinni fyrir aukinni samræmingu innan svæða og milli svæða til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum með hafnríkisaðgerðum,*

*hafa hugfasta öra þróun samskiptatækni, gagnagrunna, netkerfa og alþjóðlegra skráninga sem styðja við hafnríkisaðgerðir,*

*gera sér ljósa þörf þróunnarríkja fyrir aðstoð við upp-töku og framkvæmd hafnríkisaðgerða,*

*taka mið af ákalli alþjóðasamfélagsins í stofnunum Sameinuðu þjóðanna, þ.á m. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, fiskimálanefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hér eftir nefnd „FAO“, eftir bindandi alþjóðlegum samningi um lág-*

### **AGREEMENT ON PORT STATE MEASURES TO PREVENT, DETER AND ELIMINATE ILLEGAL, UNREPORTED AND UNREGULATED FISHING**

#### **PREAMBLE**

*The Parties to this Agreement,*

*Deeply concerned about the continuation of illegal, unreported and unregulated fishing and its detrimental effect upon fish stocks, marine ecosystems and the livelihoods of legitimate fishers, and the increasing need for food security on a global basis,*

*Conscious of the role of the port State in the adoption of effective measures to promote the sustainable use and the long-term conservation of living marine resources,*

*Recognizing that measures to combat illegal, unreported and unregulated fishing should build on the primary responsibility of flag States and use all available jurisdiction in accordance with international law, including port State measures, coastal State measures, market related measures and measures to ensure that nationals do not support or engage in illegal, unreported and unregulated fishing,*

*Recognizing that port State measures provide a powerful and cost-effective means of preventing, deterring and eliminating illegal, unreported and unregulated fishing,*

*Aware of the need for increasing coordination at the regional and interregional levels to combat illegal, unreported and unregulated fishing through port State measures,*

*Acknowledging the rapidly developing communications technology, databases, networks and global records that support port State measures,*

*Recognizing the need for assistance to developing countries to adopt and implement port State measures,*

*Taking note of the calls by the international community through the United Nations System, including the United Nations General Assembly and the Committee on Fisheries of the Food and Agriculture Organization of the United Nations, hereinafter re-*

marksstaðla varðandi hafnríkisaðgerðir, sem byggja á alþjóðlegri aðgerðaáætlun FAO frá 2001 um að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar og fyrirmynd FAO að kerfi um aðgerðir hafnríkja til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum,

*hafa í huga* að í krafti fullveldisréttar yfir höfnum á yfirráðasvæði sínu geta ríki gripið til hertra aðgerða í samræmi við alþjóðalög,

*minna á* gildandi ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, hér eftir nefndur „hafréttarsamningurinn“,

*minna á* samninginn um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim frá 4. desember 1995, samninginn um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum um verndun og stjórnun frá 24. nóvember 1993 og siðareglur FAO um ábyrgar veiðar frá 1995,

*gera sér ljósa* þörfina á því að koma á alþjóðlegum samningi innan ramma FAO, samkvæmt XIV. gr. stofnskrár FAO,

*og hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:*

**1. Hluti**  
**ALMENN ÁKVÆÐI**  
**1. gr.**  
**Hugtök**

Í samningi þessum:

- (a) merkir „verndunar- og stjórnunarráðstafanir“ ráðstafanir til verndunar og stjórnunar á lifandi sjávarauðlindum. sem samþykktar eru og beitt er í samræmi við gildandi reglur alþjóðalaga, þ.á m. þær sem felast í hafréttarsamningnum;
- (b) merkir „fiskur“ allar tegundir lifandi sjávarauðlinda, hvort sem þær eru nýttar eða ekki;
- (c) merkja „fiskveiðar“ að leita að, laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk og allar athafnir sem ætla má að feli í sér að laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk;
- (d) merkir „fiskveiðitengd starfsemi“ allan rekstur til stuðnings eða undirbúnings fiskveiða, þ.á m.

ferred to as ‘FAO’, for a binding international instrument on minimum standards for port State measures, based on the 2001 FAO International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing and the 2005 FAO Model Scheme on Port State Measures to Combat Illegal, Unreported and Unregulated Fishing,

*Bearing in mind* that, in the exercise of their sovereignty over ports located in their territory, States may adopt more stringent measures, in accordance with international law,

*Recalling* the relevant provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982, hereinafter referred to as the ‘Convention’,

*Recalling* the Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks of 4 December 1995, the Agreement to Promote Compliance with International Conservation and Management Measures by Fishing Vessels on the High Seas of 24 November 1993 and the 1995 FAO Code of Conduct for Responsible Fisheries,

*Recognizing* the need to conclude an international agreement within the framework of FAO, under Article XIV of the FAO Constitution,

*Have agreed as follows:*

**PART 1**  
**GENERAL PROVISIONS**  
**Article 1**  
**Use of terms**

For the purposes of this Agreement:

- (a) “conservation and management measures” means measures to conserve and manage living marine resources that are adopted and applied consistently with the relevant rules of international law including those reflected in the Convention;
- (b) “fish” means all species of living marine resources, whether processed or not;
- (c) “fishing” means searching for, attracting, locating, catching, taking or harvesting fish or any activity which can reasonably be expected to result in the attracting, locating, catching, taking or harvesting of fish;
- (d) “fishing related activities” means any operation in support of, or in preparation for, fishing,

löndun, pökkun, vinnslu, umskipun eða flutning á fiski, sem ekki hefur áður verið landað í höfn, sem og útvegum starfslíðs, eldsneytis, búnaðar og annarra aðfanga á sjó;

- (e) vísa „ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar fiskveiðar“ til þess athæfis sem tiltekið er í 3. mgr. alþjóðlegu aðgerðaáætlunar FAO frá 2001 til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar, hér eftir nefndar „veiðar utan laga“ (e. IUU fishing);
- (f) merkir „samningsaðili“ ríki eða svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna sem hafa samþykkt að lúta samningi þessum og sem samningurinn gildir um;
- (g) „höfn“ tekur einnig til afgreiðslustöðva á hafi úti og önnur mannvirki til löndunar, umskipunar, pökkunar, vinnslu, eldsneytistöku eða endurnýjunar á birgðum;
- (h) merkja „svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna“ svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna sem aðildarríki hafa fært valdheimildir til í málum sem samningur þessi tekur til, þ.m.t. heimildir til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir aðildarríki þeirra að því er varðar þau mál;
- (i) merkir „svæðisbundin veiðistjórnarstofnun“ fjölþjóðlega stofnun eða fyrirkomulag, eftir því sem á við, sem hefur heimild til að ákvarða verndunar- og stjórnunarráðstafanir; og
- (j) merkir „skip“ hvers kyns sjófar eða bát sem er notað, útbúið eða ætlað til fiskveiða eða fiskveiðitengdrar starfsemi.

## 2. gr. Markmið

Markmið samnings þessa er að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga með því að innleiða virkar aðgerðir af hálfu strandríkja og tryggja þannig verndun og sjálfbæra nýtingu lifandi sjávarauðlinda og sjávarvistkerfa til langs tíma.

## 3. gr. Beiting

1. Hver samningsaðili skal, sem hafnríki, beita ákvæðum samnings þessa gagnvart skipum sem ekki hafa heimild til að sigla undir fána þess og sækjast eftir að komast í hafnir hans eða eru stödd í einum af höfnum hans, að undanskildum:

- (a) skipum nágrannaríkis sem stunda óvélvæddar sjálfsþurftarveiðar, enda vinni hafnríkið og fánaríkið saman að því að tryggja að slík skip

including the landing, packaging, processing, transshipping or transporting of fish that have not been previously landed at a port, as well as the provisioning of personnel, fuel, gear and other supplies at sea;

- (e) “illegal, unreported and unregulated fishing” refers to the activities set out in paragraph 3 of the 2001 FAO International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing, hereinafter referred to as ‘IUU fishing’;
- (f) “Party” means a State or regional economic integration organization that has consented to be bound by this Agreement and for which this Agreement is in force;
- (g) “port” includes offshore terminals and other installations for landing, transshipping, packaging, processing, refuelling or resupplying;
- (h) “regional economic integration organization” means a regional economic integration organization to which its member States have transferred competence over matters covered by this Agreement, including the authority to make decisions binding on its member States in respect of those matters;
- (i) “regional fisheries management organization” means an intergovernmental fisheries organization or arrangement, as appropriate, that has the competence to establish conservation and management measures; and
- (j) “vessel” means any vessel, ship of another type or boat used for, equipped to be used for, or intended to be used for, fishing or fishing related activities.

## Article 2 Objective

The objective of this Agreement is to prevent, deter and eliminate IUU fishing through the implementation of effective port State measures, and thereby to ensure the long-term conservation and sustainable use of living marine resources and marine ecosystems.

## Article 3 Application

1. Each Party shall, in its capacity as a port State, apply this Agreement in respect of vessels not entitled to fly its flag that are seeking entry to its ports or are in one of its ports, except for:

- (a) vessels of a neighbouring State that are engaged in artisanal fishing for subsistence, provided that the port State and the flag State cooperate

stundi ekki veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar; og

- (b) gámaskipum sem ekki flytja fisk eða, ef þau flytja fisk, þá aðeins fisk sem áður hefur verið landað, enda sé engin augljós ástæða til að gruna að slíkt skip hafi verið við fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við veiðar utan laga.

2. Samningsaðila er heimilt, sem hafnríki, að ákveða að beita ekki ákvæðum samnings þessa gagnvart skipum sem ríkisborgarar hans hafa á leigu einungis til nota við fiskveiðar innan lögsögu ríkisins og gera þar út með heimild ríkisins. Slíkt skip skulu háð aðgerðum af hálfu samningsaðilans sem eru jafnvirkar og aðgerðir sem beitt er varðandi skip sem hafa rétt til að sigla undir fána hans.

3. Samningur þessi skal gilda um fiskveiðar á hafsvæðum sem eru ólöglegar, ótilkynntar eða eftirlitslausar, samkvæmt skilgreiningu í e-lið 1. gr. samnings þessa, og um fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.

4. Ákvæðum samnings þessa skal beita af sanngirni, gagnsæi og án mismununar, í samræmi við alþjóðalög.

5. Þar sem gildissvið samnings þessa er altækt og hann gildir um allar hafnir, skulu samningsaðilar hvetja alla aðra aðila til að beita aðgerðum til samræmis við ákvæði hans. Þeir sem ekki gerast að öðru leyti aðilar að samningi þessum geta lýst sig skuldbundna til að fylgja ákvæðum hans.

#### 4. gr.

##### Tengsl við alþjóðalög og aðra alþjóðlega samninga

1. Ekkert í samningi þessum skal skerða réttindi, lögsögu og skyldur samningsaðila að þjóðarétti. Sér í lagi ber ekki að skilja neitt í samningi þessum á þann veg að það hafi áhrif á:

- (a) fullveldi samningsaðila yfir innsævi, eyjahafsvæðum og landhelgi eða fullveldisrétt yfir landgrunni og efnahagslögsögu;
- (b) beitingu samningsaðila á fullveldisrétti sínum yfir höfnum á landsvæði þeirra í samræmi við alþjóðalög, þ.á m. rétt þeirra til að synja um aðgang að höfnum, sem og að beita strangari aðgerðum en þeim sem kveðið er á um í samningi þessum, þ.á m. aðgerðum sem gripið er til samkvæmt ákvörðun svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar.
2. Þótt samningsaðili beiti ákvæðum samnings þessa verður hann ekki þar með bundinn af aðgerðum eða ákvörðunum svæðisbundinnar veiðistjórnar-

to ensure that such vessels do not engage in IUU fishing or fishing related activities in support of such fishing ; and

- (b) container vessels that are not carrying fish or, if carrying fish, only fish that have been previously landed, provided that there are no clear grounds for suspecting that such vessels have engaged in fishing related activities in support of IUU fishing.

2. A Party may, in its capacity as a port State, decide not to apply this Agreement to vessels chartered by its nationals exclusively for fishing in areas under its national jurisdiction and operating under its authority therein. Such vessels shall be subject to measures by the Party which are as effective as measures applied in relation to vessels entitled to fly its flag.

3. This Agreement shall apply to fishing conducted in marine areas that is illegal, unreported or unregulated, as defined in Article 1(e) of this Agreement, and to fishing related activities in support of such fishing.

4. This Agreement shall be applied in a fair, transparent and non-discriminatory manner, consistent with international law.

5. As this Agreement is global in scope and applies to all ports, the Parties shall encourage all other entities to apply measures consistent with its provisions. Those that may not otherwise become Parties to this Agreement may express their commitment to act consistently with its provisions.

#### Article 4

##### Relationship with international law and other international instruments

1. Nothing in this Agreement shall prejudice the rights, jurisdiction and duties of Parties under international law. In particular, nothing in this Agreement shall be construed to affect:

- (a) the sovereignty of Parties over their internal, archipelagic and territorial waters or their sovereign rights over their continental shelf and in their exclusive economic zones;
- (b) the exercise by Parties of their sovereignty over ports in their territory in accordance with international law, including their right to deny entry thereto as well as to adopt more stringent port State measures than those provided for in this Agreement, including such measures adopted pursuant to a decision of a regional fisheries management organization.
2. In applying this Agreement, a Party does not thereby become bound by measures or decisions of,

stofnunar, sem hann er ekki aðili, né leiðir af því nein skylda til að viðurkenna hana.

3. Samningsaðili er ekki í neinu tilviki skyldugur samkvæmt samningi þessum til að framkvæma aðgerðir eða ákvarðanir svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar ef þær aðgerðir eða ákvarðanir eru ekki samþykktar skv. alþjóðalögum.

4. Samning þennan ber að túlka og beita í samræmi við alþjóðalög og taka mið af gildandi alþjóðlegum reglum og stöðlum, þ.m.t. þeim sem settir eru fyrir tilstilli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem og öðrum alþjóðlegum samningum.

5. Samningsaðilar skulu uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningi þessum í góðri trú og beita þeim heimildum sem hér eru viðurkenndar með þeim hætti að ekki sé um að ræða misbeitingu réttar.

#### **5. gr. Samþætting og samræming að landsrétti**

Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum frekast er unnt:

- (a) samþætta eða samræma fiskveiðitengdar hafnríkisaðgerðir við hið víðara kerfi hafnríkis- eftirlits;
- (b) samþætta hafnríkisaðgerðir við aðrar aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga og fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, að teknu tilliti til alþjóðlegu aðgerðaáætlunar FAO frá 2001 um að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar, eftir því sem við á; og
- (c) gera ráðstafanir um upplýsingaskipti milli viðeigandi landsbundinna stofnana og samræma starfsemi þessara stofnana við framkvæmd samnings þessa.

#### **6. gr. Samvinna og upplýsingaskipti**

1. Til að stuðla að virkri framkvæmd samnings þessa, og að teknu eðlilegu tilliti til viðeigandi trúnaðarskyldna, skulu samningsaðilar vinna saman og skiptast á upplýsingum við ríki sem málið varðar, FAO, aðrar alþjóðlegar stofnanir og svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir, þ.á.m. upplýsingum um aðgerðir sem samþykktar hafa verið af þessum svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum og tengjast markmiðum samnings þessa.

2. Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum frekast er unnt, gera ráðstafanir til að styðja við verndunar- og stjórnunarráðstafanir annarra ríkja og annarra viðeigandi alþjóðlegra stofnana.

3. Samningsaðilar skulu vinna saman innan undir-

or recognize, any regional fisheries management organization of which it is not a member.

3. In no case is a Party obliged under this Agreement to give effect to measures or decisions of a regional fisheries management organization if those measures or decisions have not been adopted in conformity with international law.

4. This Agreement shall be interpreted and applied in conformity with international law taking into account applicable international rules and standards, including those established through the International Maritime Organization, as well as other international instruments.

5. Parties shall fulfil in good faith the obligations assumed pursuant to this Agreement and shall exercise the rights recognized herein in a manner that would not constitute an abuse of right.

#### **Article 5 Integration and coordination at the national level**

Each Party shall, to the greatest extent possible:

- (a) integrate or coordinate fisheries related port State measures with the broader system of port State controls;
- (b) integrate port State measures with other measures to prevent, deter and eliminate IUU fishing and fishing related activities in support of such fishing, taking into account as appropriate the 2001 FAO International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing; and
- (c) take measures to exchange information among relevant national agencies and to coordinate the activities of such agencies in the implementation of this Agreement.

#### **Article 6 Cooperation and exchange of information**

1. In order to promote the effective implementation of this Agreement and with due regard to appropriate confidentiality requirements, Parties shall cooperate and exchange information with relevant States, FAO, other international organizations and regional fisheries management organizations, including on the measures adopted by such regional fisheries management organizations in relation to the objective of this Agreement.

2. Each Party shall, to the greatest extent possible, take measures in support of conservation and management measures adopted by other States and other relevant international organizations.

3. Parties shall cooperate, at the subregional, re-



svæða, innan svæða og á alþjóðlegum vettvangi að virkri framkvæmd samnings þessa, þ.á m., eftir því sem við á, með milligöngu FAO eða svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og kerfa.

## **2. Hluti AÐGANGUR AÐ HÖFN**

### **7. gr.**

#### **Tilgreining hafna**

1. Hver samningsaðili skal tilgreina og tilkynna um hafnir sem skipum er heimilt að biðja um aðgang að samkvæmt samningi þessum. Hver samningsaðili skal afhenda skrá yfir tilgreindar hafnir til FAO, sem skal birta hana með viðeigandi hætti.
2. Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum er frekast unnt, tryggja að hver tilgreind tilkynnt höfn samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sé til þess búin að sinna eftirliti samkvæmt samningi þessum.

### **8. gr.**

#### **Fyrirfram beiðni um aðgang að höfn**

1. Hver samningsaðili skal að lágmarki krefjast þess að upplýsingar sem beið er um samkvæmt viðauka A séu veittar áður en aðgangsheimild skips að höfn er veitt.
2. Hver samningsaðili skal krefjast þess að upplýsingarnar sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar séu veittar með nægilega tímanlegum hætti til þess hafnríkið hafi nægan tíma til að fara yfir þær.

### **9. gr.**

#### **Aðgangur að höfn, heimild eða synjun**

1. Þegar samningsaðili hefur fengið þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt 8. gr., sem og aðrar upplýsingar sem krafist er til að ákvarða hvort skipið sem biður um aðgang að höfn hans hafi verið við veiðar utan laga eða stundað fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, skal hann ákveða hvort veita skuli eða synja um leyfi til aðgangs að höfn hans og tilkynna ákvörðun þar um til skipsins eða umboðsaðila þess.
2. Í þeim tilvikum sem heimild er veitt, skal skipstjóri eða umboðsaðili skipsins framvísa heimildinni til lögbærs stjórnvalds samningsaðilans þegar skipið kemur í höfn.
3. Í þeim tilvikum sem synjað er um aðgang, skal samningsaðili tilkynna þá ákvörðun, sem tekin er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, til fánaríkis skipsins og, eftir því sem við á og unnt er, til viðkomandi strandríkja, svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og annarra alþjóðlegra stofnana.
4. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar, þegar samningsaðili hefur fullnægjandi sannanir um að

gional and global levels, in the effective implementation of this Agreement including, where appropriate, through FAO or regional fisheries management organizations and arrangements.

## **PART 2 ENTRY INTO PORT**

### **Article 7**

#### **Designation of ports**

1. Each Party shall designate and publicize the ports to which vessels may request entry pursuant to this Agreement. Each Party shall provide a list of its designated ports to FAO, which shall give it due publicity.
2. Each Party shall, to the greatest extent possible, ensure that every port designated and publicized in accordance with paragraph 1 of this Article has sufficient capacity to conduct inspections pursuant to this Agreement.

### **Article 8**

#### **Advance request for port entry**

1. Each Party shall require, as a minimum standard, the information requested in Annex A to be provided before granting entry to a vessel to its port.
2. Each Party shall require the information referred to in paragraph 1 of this Article to be provided sufficiently in advance to allow adequate time for the port State to examine such information.

### **Article 9**

#### **Port entry, authorization or denial**

1. After receiving the relevant information required pursuant to Article 8, as well as such other information as it may require to determine whether the vessel requesting entry into its port has engaged in IUU fishing or fishing related activities in support of such fishing, each Party shall decide whether to authorize or deny the entry of the vessel into its port and shall communicate this decision to the vessel or to its representative.
2. In the case of authorization of entry, the master of the vessel or the vessel's representative shall be required to present the authorization for entry to the competent authorities of the Party upon the vessel's arrival at port.
3. In the case of denial of entry, each Party shall communicate its decision taken pursuant to paragraph 1 of this Article to the flag State of the vessel and, as appropriate and to the extent possible, relevant coastal States, regional fisheries management organizations and other international organizations.
4. Without prejudice to paragraph 1 of this Article, when a Party has sufficient proof that a vessel seek-

skip sem biður um aðgang að höfn hafi stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, sér í lagi ef skipið er á skrá yfir skip sem stundað hafa slíkar veiðar eða fiskveiðitengda starfsemi hjá viðkomandi svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum, samkvæmt reglum og málsmeðferð slíkra stofnana og í samræmi við alþjóðalög, skal sammingsaðili synja skipinu um aðgang að höfnum sínum, að teknu tilliti til 2. og 3. mgr. 4. gr.

5. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. þessarar greinar, má sammingsaðili heimila aðgang að höfnum sínum skipum, sem getið er í þessum málsgreinum, í þeim tilgangi einum að skoða það og grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við alþjóðalög sem eru í það minnsta jafn skilvirkar og synjun um aðgang að höfn til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga og fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.

6. Þegar skip, sem getið er um í 4. og 5. mgr. þessarar greinar, er í höfn, af hvaða ástæðu sem er, skal sammingsaðili synja því um afnot af höfninni til löndunar, umskipunar, pökkunar, fiskvinnslu og til annarrar hafnarþjónustu, eldsneytistöku og birgðaendurnýjunar, viðhalds og aðgangs að þurrkví. 2. og 3. mgr. 11. gr. gilda í slíkum tilvikum að breyttu breytanda. Synjun um slík afnot af höfn skal vera í samræmi við alþjóðalög.

#### 10. gr.

##### Óviðráðanleg atvik eða neyð

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á aðgang skipa að höfnum samkvæmt alþjóðalögum vegna óviðráðanlegra atvika eða neyðar, eða hindrar ríki í að heimila skipi aðgang að höfn í þeim tilgangi einum að koma fólki, skipum eða loftförum í hættu eða neyð til hjálpar.

### 3. Hluti

#### AFNOT AF HÖFNUM

##### 11. gr.

##### Afnot af höfnum

1. Þegar skip er komið í höfn sammingsaðila, skal hann, samkvæmt eigin lögum og reglum og í samræmi við alþjóðalög, þ.á m. þennan samning, synja viðkomandi skipi um afnot af höfninni til löndunar, umskipunar, pökkunar og vinnslu á fiski sem ekki hefur áður verið landað og um aðra hafnarþjónustu, þ.m.t. eldsneytistöku og birgðaendurnýjun, viðhald og aðgang að þurrkví, ef:

- (a) sammingsaðili kemst að því að skipið hefur ekki gilda og viðeigandi heimild til að stunda fiskveiðar eða fiskveiðitengda starfsemi sem krafist er af hálfu fánaríkis þess;

ing entry into its port has engaged in IUU fishing or fishing related activities in support of such fishing, in particular the inclusion of a vessel on a list of vessels having engaged in such fishing or fishing related activities adopted by a relevant regional fisheries management organization in accordance with the rules and procedures of such organization and in conformity with international law, the Party shall deny that vessel entry into its ports, taking into due account paragraphs 2 and 3 of Article 4.

5. Notwithstanding paragraphs 3 and 4 of this Article, a Party may allow entry into its ports of a vessel referred to in those paragraphs exclusively for the purpose of inspecting it and taking other appropriate actions in conformity with international law which are at least as effective as denial of port entry in preventing, deterring and eliminating IUU fishing and fishing related activities in support of such fishing.

6. Where a vessel referred to in paragraph 4 or 5 of this Article is in port for any reason, a Party shall deny such vessel the use of its ports for landing, transshipping, packaging, and processing of fish and for other port services including, *inter alia*, refueling and resupplying, maintenance and drydocking. Paragraphs 2 and 3 of Article 11 apply *mutatis mutandis* in such cases. Denial of such use of ports shall be in conformity with international law.

#### Article 10

##### Force majeure or distress

Nothing in this Agreement affects the entry of vessels to port in accordance with international law for reasons of force majeure or distress, or prevents a port State from permitting entry into port to a vessel exclusively for the purpose of rendering assistance to persons, ships or aircraft in danger or distress.

### PART 3

#### USE OF PORTS

##### Article 11

##### Use of ports

1. Where a vessel has entered one of its ports, a Party shall deny, pursuant to its laws and regulations and consistent with international law, including this Agreement, that vessel the use of the port for landing, transshipping, packaging and processing of fish that have not been previously landed and for other port services, including, *inter alia*, refuelling and resupplying, maintenance and drydocking, if:

- (a) the Party finds that the vessel does not have a valid and applicable authorization to engage in fishing or fishing related activities required by its flag State;

- (b) samningsaðili telur að skipið hafi ekki gilda og viðeigandi heimild til að stunda veiðar eða fiskveiðitengda starfsemi samkvæmt kröfum strandríkis varðandi svæði sem heyra undir lögsögu þess ríkis;
- (c) samningsaðili fær gildar vísbendingar um að fiskurinn um borð hafi verið tekinn í andstöðu við gildandi kröfur strandríkis varðandi svæði sem heyra undir lögsögu þess ríkis;
- (d) fánaríkið staðfestir ekki innan hæfilegs frests, að beiðni hafnríkisins, að fiskurinn um borð hafi verið tekinn í samræmi við gildandi kröfur viðkomandi svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar, að teknu tilliti til 2. og 3. mgr. 4. gr.; eða
- (e) samningsaðilinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að skipið hafi með öðrum hætti stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, þ.m.t. til stuðnings við skip sem getið er í 4. mgr. 9. gr., nema skipið geti sýnt fram á:
- (i) að það hafi hagað sér í samræmi við viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstafanir; eða
- (ii) þegar um er að ræða útvegum mannafla, eldsneytis, búnaðar og annarra aðfanga á sjó, að það skip sem var þjónustað hafi ekki á þeim tíma fallið undir 4. mgr. 9. gr.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal samningsaðili ekki synja skipi sem getið er um í þeirri málsgrein um notkun á hafnarþjónustu:
- (a) sem er nauðsynleg öryggi eða heilsu áhafnarinna eða öryggi skipsins, enda séu færðar sönnur á þeirri nauðsyn, eða
- (b) eftir því sem við á, þegar skip er tekið til úreldingar.
3. Þegar samningsaðili hefur synjað um hafnarafnot samkvæmt þessari grein skal hann tilkynna fánaríkinu um ákvörðun sína án tafar og, eftir því sem við á, viðkomandi strandríkjum, svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum og öðrum alþjóðastofnunum.
4. Samningsaðili skal því aðeins draga til baka synjun um hafnarafnot skips skv. 1. mgr. þessarar greinar að nægar sannanir séu fyrir því að ástæður synjunarinnar hafi verið ófullnægjandi eða rangar eða að þær ástæður eigi ekki lengur við.
5. Ef samningsaðili hefur dregið til baka synjun skv. 4. mgr. þessarar greinar skal hann tilkynna um það til þeirra sem tilkynningu fengu skv. 3. mgr. þessarar greinar.
- (b) the Party finds that the vessel does not have a valid and applicable authorization to engage in fishing or fishing related activities required by a coastal State in respect of areas under the national jurisdiction of that State;
- (c) the Party receives clear evidence that the fish on board was taken in contravention of applicable requirements of a coastal State in respect of areas under the national jurisdiction of that State;
